

SAMNINGUR:

Epos kvikmyndagerð ehf, kt. 630811-0660, Bergstaðastræti 13, 101 Reykjavík, og Heilaheill, kt. 611294-2209, Sigtúni 42, 108 Reykjavík gera með sér svofelldan samning:

1.

Epos kvikmyndagerð ehf tekur að sér að vinna að öllu leyti og hafa almenna umsjón með gerð 25 - 30 mínútna langrar fræðslumyndar um heilaslag og skila henni af sér tilbúinni til sýninga í sjónvarpi og á Internetinu. Eftir frumsýningu í sjónvarpi verður myndin textuð á íslensku, ensku og pólsku og netútgáfu skilað.

2.

Miðað er við að heildarvinnslutími myndarinnar verði 6 mánuðir og að hún verði tilbúin til sýninga í október 2021.

3.

Heilaheill greiðir allan kostnað við gerð myndarinnar og öðlast allan rétt á dreifingu hennar. Kostnaðurinn verður alfarið greiddur með því fé sem fyrirtækið Markaðsmenn hafa safnað til verkefnisins. Reiknað er með að söfnunin muni skila Heilaheill rúmlega 4 milljónum króna þegar innheimtu er lokið. Innheimt upphæð verður greiðsla Heilaheilla fyrir alla myndgerðina, og ekki verður hægt að krefjast frekari greiðslna fyrir hana. Virðisaukaskattur er innifalinn í kostnaðarverðinu.

4.

Heilaheill greiðir fyrir gerð myndarinnar gegn framvísun reikninga: Við undirritun samnings 6. apríl kr. 1.000.000, og síðan eftir samkomulagi á vinnslutímanum með lokagreiðslu við afhendingu myndarinnar í byrjun október 2021.

6.

Komi upp meiriháttar ágreiningur milli samningsaðila áður en verkinu er lokið getur hvor aðili um sig sagt upp samningi þessum. Sú vinna sem þegar hefur verið unnin verður þá eign verkkaupa, enda hafi verið greitt fyrir hana.

Ofangreindir aðilar eru sammála um alla liði samnings þessa.

Reykjavík, 6 apríl 2021.

fh. Heilaheilla
Þórir Steingrímsson

fh. Epos kvikmyndagerðar ehf.
Páll Kristinn Pálsson